

SAMÞYKKTIR

fyrir Orkubú Vestfjarða ohf.

1. gr.

Félagið er opinbert hlutafélag og er nafn þess Orkubú Vestfjarða ohf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Stakkanesi 1 í Ísafjarðarbæ.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi, stunda virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum eða fyrirtækjum.

4. gr.

Hlutfé félagsins er kr. 3.049.914.000,- -þrjúþúsundfjörtíuogníumilljónir-níuhundruðogfjörtánþúsundkrónur00/100- Hlutfénu er skipt í hluti og er hver hlutur ein króna eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.

Gefa má út eitt hlutabréf fyrir öllu hlutfé hvers einstaks hluthafa í félaginu. Félaginu er skylt að skipta hlutabréfum í smærri einingar ef fram kemur rökstudd ósk þar um, t.d. vegna búskipta eða sölu hlutafjár. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hlutabréf félagsins verði gefin út með rafrænum hætti.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækun hlutafjár.

6. gr.

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

7. gr.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefir verið tilkynnt um þau skriflega.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skuli til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefir tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu stjórnar um tilboð. Þá má eigi líða lengri tími en þrjú mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt. Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.

Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis félagsstjórnar.

8. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína nema lög leyfi. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

9. gr.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögættra hluthafafunda.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Fundinn skal halda innan marka starfssvæðis félagsins.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafa skriflega gerð og fundarefni tilgreint. Til fundarins skal boðað innan fjórtán daga frá því að slík krafa kemur fram. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til eigenda, allra stjórnarmanna, forstjóra félagsins (orkubússtjóra) og endurskoðenda í ábyrgðarbréfi eða með opinberri auglýsingu eða á annan sannanlegan hátt. Alþingismönnum er heimilt að sækja aðalfundi félagsins og bera þar fram skriflegar fyrirspurnir. Fulltrúa fjölmiðla skal boða til aðalfunda félagsins á sama hátt. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögætur ef löglega er til hans boðað og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða a.m.k. helmingi hlutafjár í félaginu. Verði fundur ólögætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem ráða yfir 10% hlutafjár í félaginu hið minnsta.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Fulltrúar fjölmiðla skulu í síðasta lagi fjórtán dögum eftir aðalfund eiga aðgang að staðfestu endurriti fundargerða aðalfundar á skrifstofu félagsins.

13. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

1. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
2. að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum, eða

3. að breyta ákvæðum samþykktum um hlutdeild í félaginu eða jafnrétti á milli hluthafa.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi hafi þess ekki verið getið í fundarboði.

14. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda.
3. Stjórn félagsins skal kjörin ásamt endurskoðendum.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

15. gr.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir jafn margir varamenn sem taka sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanna. Við kjör stjórnarmanna skal kjósa sem næst jafnmargar konur og karla. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift þriggja stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

17. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstjóri. Stjórnarmenn og forstjóri félagsins skulu gefa stjórn skýrslu um eign sína í félögum skipti það máli varðandi störf þeirra í þágu félagsins. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Starfsreglur félagsins skal birta á vef félagsins.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður forstjóra (orkubússtjóra) og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Forstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag. Skal hann endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir stjórn félagsins í síðasta lagi fjórtán dögum fyrir aðalfund. Endurskoðanda má hvorki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

20. gr.

Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

21. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

22. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögsmætum aðalfundi eða aukafundi hluthafa með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða lögum.

23. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

24. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykkt á aðalfundi félagsins á Ísafirði 2. maí 2007.

Breytt á hluthafafundi 5. apríl 2013.

Breytt á aðalfundi 9. maí 2014.

Breytt á hluthafafundi 27. apríl 2016.